

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum 12. desember 1945, nr. 99.

Forsetabréf um frestan á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum 20. desember 1945, nr. 100.

Lög um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 101.

Lög um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 102.

Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 103.

Lög um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna 1945, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 104.

Lög um þáttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni, undirskrifuð af forsetanum 21. desember 1945, nr. 105.

Fjárlög fyrir árið 1946, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1945, nr. 106.

Lög um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 107.

Lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 108.

Lög um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 109.

Lög um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942 um váttryggingarfélag fyrir vélbáta, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 110.

Lög um tekjuskattviðauka árið 1946, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 111.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 112.

Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 113.

AUGLÝSING

um breyting á erindisbréfi fyrir ullarmatsmenn, nr. 27 1. apríl 1935.

192

6. nóv.

1. mgr. 7. gr. erindisbréfsins orðist þannig:

Kaup ullarmatsmanna skal vera almennt verkamannakaup, greitt á staðnum, að viðbættum 25% um hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat ullarinnar, sekkjun eða útskipun. Á þeim stöðum, þar sem eigi er fastákveðið eða almennt gildandi kaupgjald, skal kaup ullarmatsmanna fara eftir samkomulagi milli matsmanna og ullar kaupanda.

Ákvæði þessi öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.